



Umhverfis- og skipulagsráð Vestmannaeyjabæjar

Vestmannaeyjar 2. júlí 2026

B.t. Dagný Hauksdóttir

Skipulags- og byggingafulltrúi Vestmannaeyjabæjar

Ráðgjöf Náttúrustofu Suðurlands varðandi lundaveiði 2026 í Vestmannaeyjum.

Stofnbreytingar Íslenska lundastofnsins hafa verið rannsakaðar beint frá 2010 en frá 2007 í Vestmannaeyjum og niðurstöðurnar birtar í árlegum skýrslum á heimasíðu Náttúrustofunnar: <https://nattsud.is/rannsoknir/lundavoktun/>. Eldri heimildir um lundaveiði yfir hundrað ár aftur í tíman hafa einnig verið teknar saman og sýnt fram á sterk tengsl við sjávarhita: <https://onlinelibrary.wiley.com/doi/full/10.1111%2Fgcb.15665>.

Varpstofn lunda hefur dregist saman um helming á landsvísu á síðustu þremur áratugum vegna lélegrar viðkomu og langtímaáhrifum veiða. Varp hefur gengið mismunandi eftir landshlutum, best á norðausturlandi, síst í Vestmannaeyjum, vesturland og austurland þar á milli. Stofninn er nú í lámaki, þrátt fyrir að viðkoma hafi aukist stöðugt frá 2007, meðan ábúð (hlutfall varphola sem orpið hefur verið í) hefur haldist svipuð, en stofnsveiflur taka um áratug að fara í gegnum stofninn. Stofninn hefur ekki náð að framleiða nógu marga fugla til eigin viðhalds, veiðar hafa haft töluverð langtímaáhrif, en áhrif veiða á sjávarhlýskeyðum leggjast saman við lélega viðkomu og litla nýliðun, á sjávarkuldaskýðum draga veiðar úr stofnaukningunni vegna annars góðar viðkomu, og lækka nýliðun þannig að stofninn nær ekki að fylla fyrri skörð frá hlýskeyðum. Veiðar á sjávarhlýskeyðum hafa verið ósjálfbærar frá upphafi háfaveiðanna, en sjálfbærar á kaldskýðum (með minni veiði). Núverandi hlýskeyð hófst árið 1996.



Á meðan stofninn er í svo mikilli niðursveiflu er rétt að hafa varúðarreglu náttúruverndarlaga í huga, í stofnfækkun er öll veiði stofnvistfæðilega ósjálfbær og stuðlar beint að frekari fækkun. Náttúrustofa Suðurlands mælir því ekki með því að lundaveiðar verði heimilaðar árið 2026, og er þessi ályktun samhljóma yfirlýsingu Náttúruverndarstofnunar og Umhverfis-, orku og loftlagsráðuneytisins: <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2025/06/30/Lundastofninn-i-haettu-Gaetum-hofs-vid-veidar-og-solu-lunda/> fyrir árið í ár.

Rétt er að benda á að nýstofnuð Náttúruverndarstofnun Íslands starfrækir svonefnda “samráðsnefnd um sjálfbærar veiðar.” <https://www.nattura.is/veidi/samradsnefnd-um-sjalfbaerar-veidar>. Þessi nefnd hefur umsjón með vöktun á veiðitegundum hérlandis, þar með talda stofnvöktun lunda, en hefur einnig ráðið sérfræðing Fred Johnson við Árhúsa háskóla til að útbúa veiðiáætlanir (E: Management plans) fyrir hérlandar tegundir. Rjúpuáætlunin var þeirra fyrst á sjónarsviðið. Náttúruverndarstofnun vinnur nú að veiðiáætlun fyrir lunda, og stjórnar Fred Johnson þeirri vinnu í samvinnu við Náttúrustofu Suðurlands og Náttúrufræðistofnun Íslands. Í þessu sambandi hefur Fred útbúið gagnvirkt stofnlíkan þar sem hægt er að skoða áhrif mismunandi veiðialags og sjávarhita á lundastofninn: <https://fredjohnson.shinyapps.io/PuffinV34/> sem er ætlað að auka skilning á hvernig þessi stofn stjórnast.

Náttúruverndarstofnun hyggst boða til heilsdags málstofu um stöðu og stjórnun veiða á sjófuglum hérlandis á Hafrannsóknastofnun 12. Október 2026, og verður það auglýst frekar þegar nær dregur. Í málstofunni verður farið yfir málaflokkinn á breiðum grundvelli. Meðal annars munu verða kynntar niðurstöður úr könnun sem Náttúruverndarstofnun lét gera á neyslu lundakjöts sem bendir til að veiðar séu mun meiri en gefnar eru upp í veiðiskýrslum og gjörbreytir stöðu mála til hins verra.



Að lokum má geta þess að mælingu ábúðar í Stórhöfða lauk 29.júní, sem lækkar lítillega frá því í fyrra. Þrjár pysjur voru nýklaktar, þannig að tímasetning varps er í kringum 20. maí hjá fyrstu fuglum og á eðlilegu róli, öfugt við flest ár þessarar aldar. Búast má við fyrstu pysjum í Eyjum um miðjan ágúst.

Virðingarfyllst,



Erpur Snær Hansen,

Forstöðumaður Náttúrustofu suðurlands